

## Mýrar

### Athugasemdir

Lýsing Þorleifs Jóhannessonar var lesin fyrir Ragnhildi Þorvaldsdóttur frá Skerðingsstöðum 21. jan. 1978. Ragnhildur treysti sér ekki til að endurskoða skrána til hlítar, en gerði aðeins lítils háttar athugasemdir, sem Sigríður Jóhannsdóttir skráði eftir henni.

Merkjalækur (9) er milli Háls og Mýra. Bekrablett (12) heyrði Ragnhildur alltaf nefndan **Dekrablett**. Þar komust kindur oft í sjálfheldu, svo að vont var að ná þeim. Einstaka sinnum varð að skjóta þær eða hrinda þeim fram af. Þarna óx víst ilmgresi, sem kindurnar sóttu í.

Örnefnastofnun, 23. jan. 1978,

Sigríður Jóhannsdóttir.